

# Fundur í fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

2. júlí 2015 kl. 21:00. Haldinn á Kirkjubæjarklaustri II.

Mætt voru: Eyþór Valdimarsson, Valmundur Guðmundsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð.

## Fjallskil 2015

Rætt um fjallskil vegna haust 2015. Það þarf að leita eftir upplýsingum hjá sveitarstjórn um daggjald og fjártölur. Agnar Davíðsson Fossum hefur óskað eftir að hækta sem fjallkóngur á Landbrotsafrétti og formanni falið kanna málið. Sverrir Gíslason Kirkjubæjarklaustri II verður áfram fjallkóngur á Miðafrétti. Ákveðið að réttarstjórar í Skaftárrétt laugardaginn 12. september verði fjallkóngar Landbrots- og Miðafréttar. Byrjað skal að rétta kl. 9:00. Sigurður Hörgslandi II sér um að flytja fé milli Skaftárréttar og Fossréttar eins og verið hefur mörg undanfarin ár.

## Smölun heimalanda

Rætt um smölun heimalanda og rætt um að hafa svipað fyrirkomulag með smölun i Skál og Á, Landbrothólum og Hraunsmelum líkt og tvö síðustu ár.

## Gróðurskoðunarferð

Þriðjudaginn 30.6 2015 fór Gróðurverndarnefnd Vestur-Skaftafelssýslu og héraðsfulltrúi Landgræðlunnar í gróðurskoðunarferð á Landbrots- og Miðafrétt. Sverrir Gíslason var fenginn sem bílstjóri. Niðurstaða ferðarinnar var sú að í lagi sé að fara með fé um næstu helgi, 4. júlí.

## Girðingarmál vegna Holts, Skálar og Ár

Holtsgirðingin er mjög léleg og liggur niðri á stórum köflum. Ákveðið að leita til Ólafs Fagurhlíð um að hafa umsjón með viðgerð girðingarinnar ásamt bændum er nýta afréttinn. Formanni falið að kanna hjá sveitarstjóra hvort fjármagn fáist til efniskaupa.

## Landbótaáætlun fyrir Síðumannafrétt

Ný landbótaáætlun var gerð fyrir Síðumannafrétt í desember 2014 af Fanney Ólöfu Lárusdóttur. Allir hagsmunaaðilar undirrituðu hana og var áætlunin send Landgræðslu ríkissins. Landgræðslan samþykkti áætlunina athugasemda laust og liggur nú fyrir að Matvælastofnun mun einnig samþykkja hana og þá væntanlega á þessu ári samkvæmt upplýsingum hjá Sverri Sverrissyni hjá MAST.

## Afgreiðsla Landbótasjóð

Aðeins fékkst samþykki frá Landbótasjóði kr. 520.000 í styrk til landgræðsluverkefna á Síðumannafrétti. Alls fengust 9 áburðarsekkir fyrir þá fjárupphæð. Áburðardreifing skiptist þannig árið 2015: Landbrotsafréttur 4 sekkir (Sandadalir og Hrútafjöll) og Miðafréttur 5 sekkir (Eintúnaháls). Austursíðuafréttur sleppir áburðardreifingu þetta árið. Ákveðið að fá Bjarna Bjarnason og Sigurjón F. Ragnarsson til að sjá um áburðardreifinu á Landbrotsafrétti. Eyþór Valdimarsson sjá um að fá bændur með sér á Miðafrétt til áburðardreifingar.

## Afréttur árið 2016

Rætt um hvenær skuli farið í I. safn 2016.

Fjallskilanefnd hefur ákveðið að stefnt skuli að því að farið verði í I. safn 2016 þriðjudaginn 6. september og að öllu forfallalausu yrði þá réttað laugardaginn 10. september.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Fanney Ólöf Lárusdóttir